

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. marz 1970.

Nr. 108/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Magnúsi Eydór Snæfells Þorsteinssyni

(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Sýknað af ákæru um skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í ákæru og héraðsdómi greinir, er ákærði í máli þessu sakaður um að hafa í heimildarleysi breytt fjárhæð víxils, sem hann hafði samþykkt, úr kr. 5.000.00 í kr. 25.000.00, eftir að hann var gefinn út af Jóni Rósmundi Eyjólfssyni og ábakinn af Erni Kristinssyni, og síðan selt víxilinn Landsbanka Íslands um 23. maí 1967 þannig breyttan. Eru málavextir raktir í hinum áfrýjaða dómi og í meginatriðum greint frá framburðum ákærða, Jóns Rósmundar og Arnar Kristinssonar, en í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur hinn 14. janúar 1969 er m. a. bókað eftir Erni Kristinssyni: „Vitnið minnir, að fjárhæð víxilsins hafi ekki verið nema 5.000 krónur. Vitnið kveðst ekki þora að segja um, hvort það hafi ábakið víxilinn, áður en meginmál hans var útfyllt eða á eftir, en telur sig geta fullyrt, að fjárhæð víxilsins hafi ekki verið nema 5.000 krónur, eins og frá honum var gengið þarna. Vitnið segir, að það hafi komið sér algjörlega á óvart, þegar það var kafið um greiðslu á 25.000 krónum út af víxli þessum“.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms óskaði saksóknari ríkis-

ins þess, að dómkvaddir yrðu „tveir sérkunnáttumenn um rithendur og ritfæri til að kanna víxilinn, uskj. 3, og láta uppi álit sitt á því, hvort rituð hafi verið í einu lagi eða ekki fjárhæðin, bæði í tölustöfum og bókstöfum (25000,00 og Tuttu og Fimþúsund krónur)“.

Til þessa starfs voru dómkvaddir þeir Guðmundur I. Guðjónsson, skólastjóri Æfinga- og tilraunaskólans við Háteigsveg, og Þorvaldur Jónasson, skriftarkennari við Kennarskólann. Er álitserð þeirra dags. 5. desember 1969, svohljóðandi: „Við höfum kynnt okkur gang málsins eftir þeim gögnum, sem fyrir okkur voru lögð, einkum og sér í lagi réttarskjal 3 (vixillinn) og ljótrit af rskj. 7 (rithandarsýnishornið). Til þess notuðum við stækkunargler, smásjá og kvartslampa.

Því miður er rskj. 7 mjög ófullkomið og nauðalítið á því að byggja um það, sem um er deilt í máli þessu. Kemur þar fleira en eitt til. Málið fjallar ekki um rithandarfölsun, heldur vixilupphæð, hvernig vixileyðublað er útfyllt í tölustöfum og bókstöfum. Okkur virðist, að sjálfsagt hefði verið að prófa þessi atriði strax, þegar málið kom upp, og láta ákærða útfylla með kúlupenna sams konar vixileyðublað með texta og tölustöfum og á þann mismunandi hátt, sem um er deilt. Slíkt próf hefði átt að endurtaka með nokkurra daga eða vikna millibili, tvisvar—þrsivar sinnum, og forðast að láta hann — eða aðra málsaðila — sjá hinn upprunalega vixil. Með því móti hefði mátt ætla, að nokkur samanburðargrundvöllur hefði fengizt, sem hægt væri að styðjast við. Hvergi kemur fram, hvaða aðferð var beitt til að fá rithandarsýnishornið, hvernig stendur á misræmi á því o. s. frv. En úr engu þessu verður bætt héðan af.

Einsýnt virðist, að rskj. 3 sé skrifað með tveim kúlupennum með ólíkum oddum (mismunandi fyllingu). Nöfn samþykkjanda, heimilisfang og dagsetning er skrifað með sama kúlupennanum, sem við nefnum nr. 1.

Aftur á móti er upphæðin „25.000.00“ (í tölustöfum) og „Tuttu og Fimþúsund krónur. — —“ (í bókstöfum) og orðin „Jón Eyjólfsen Vallargötu 24“ (bæði sem útgefandi

og ábekingur) skrifuð með öðrum kúlupenna, en litur skriftarinnar, útlit og áferð bendir hins vegar til þess, að það sé penni nr. 2, sami penninn.

Þá er um það að ræða, hvort rituð hafi verið í einu lagi eða ekki fjárhæðin, bæði í tölustöfum og bókstöfum „25.000.00“ og „Tuttu og Fimþúsund krónur. — —“ Ekkert sérstakt mælir því í gegn, að upphæðin sé skrifuð í einu lagi. Eins og áður er sagt, er þetta skrifað með kúlupenna. Tölustafirnar fara vel í heild og eru samstæðir. Svipað er að segja um orðin í bókstöfum. Átalik skrifarans í orðunum „Tuttu og“ og seinni hlutanum í „Fimþúsund“ og „krónur. — —“ er hið sama. Línan öll, miðað við skriftargetu ákærða og stafsetningu, er eðlileg, samanber í því efni rskj. 7, að svo miklu leyti sem mark er á því takandi.

En hver átti eða hafði umráð yfir penna nr. 2? Rétturinn (sakadómur) virðist ekki hafa komið að staðfestri niðurstöðu um það.

Hafi ákærði átt pennan og alið með sér þann ásetning að falsa víxilinn, þegar hann útfyllti hann, með því að skrifa „Fimþúsund“ svo aftarlega í strikalinuna, að orðin „Tuttu og“ kæmust hæglega framan við, mætti hugsa sér, að hinn umdeildi víxill væri dæmi um árangurinn. Þó ber að árétta það, að í réttarskjölunum eru engar heimildir, sem hægt er að nota til samanburðar.

Hafi Jón Eyjólfsson aftur á móti átt pennan, er óupplýst, með hvaða hætti ákærða tókst að framkvæma þessar breytingar án hans vitundar. Eða er það trúlegt, að ákærði hafi hitt á að vera með annan kúlupenna með sams konar fyllingu (oddi)?

Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja á þessu sviði og gangi málsins, treystum við okkur ekki til að taka nánari afstöðu en þessi greinargerð ber með sér og vísum málinu frá okkur“.

Þegar það er virt, sem nú var rakið, svo og önnur sakargögn, sem lýst er í héraðsdómi, þykir ákæruatriði máls þessa gegn neitun ákærða eigi sannað. Verður honum því dæmd sýkna og allur sakarkostnaður lagður á rikissjóð, þar

með talin laun verjanda ákærða í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 25.000.00.

Eftir þessum úrslitum ber að vísa frá héraðsdómi kröfu Landsbanka Íslands, er gerð var í bréfi bankans, dags. 16. nóvember 1967, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 82/1961.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Eydór Snæfells Þorsteinsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Framangreindri kröfu Landsbanka Íslands er vísað frá héraðsdómi.

Allur kostnaður af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Clasens hæstaréttarlögmans, samtals kr. 25.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. febrúar 1969.

Ár 1969, fimmtudaginn 6. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 54/1969: Ákæruvaldið gegn Magnúsi Eydór Snæfells Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms 31. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 10. júní f. á., gegn Magnúsi Eydór Snæfells Þorsteinssyni bifreiðarstjóra, Foossvogsbletti 5, fæddum 26. apríl 1932 í Reykjavík, „fyrir víxilfals með því að hafa um 23. maí 1967 selt Landsbanka Íslands í Reykjavík víxil, er hann hafði samþykkt til greiðslu þar 23. september 1967, útgefinn í Keflavík af Jóni Rósmundi Eyjólfsyni og ábakinn af honum og Erni Kristinssyni, eftir að hafa breytt upphaflegri fjárhæð víxilsins, kr. 5.000.00, í kr. 25.000.00 án vitundar og heimildar þeirra Jóns og Arnar.

Telst ákærði með fyrrgreindu atferli hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Hinn 23. maí 1967 keypti Landsbanki Íslands, Reykjavík, víxil

af ákærða. Var víxillinn samþykktur af ákærða, gefinn út af Jóni Eyjólfsyni, Vallargötu 24, og framseldur eyðuframsölum af útgefanda og Erni Kristinssyni, Kirkjuveg 37, Keflavík. Víxillinn var að fjárhæð kr. 25.000.00, og er fjárhæðin skráð á víxilinn, svo sem vera ber, bæði með tölustöfum og bókstöfum. Talan er skráð með bókstöfum á þennan hátt:

„Tuttu og Fimþúsund krónur — —“.

Víxillinn er ritaður á prentað eyðublað frá Verzlunarbanka Íslands h/f, útibúi, Keflavík, en strikað hefur verið yfir heiti bankans og greiðslustaður í stað þess skráður Landsbanki Íslands, Reykjavík.

Víxillinn var ekki greiddur á gjalddaga, en hann var 23. september 1967. Fór afsögn fram 26. september. Með bréfi til bæjarfógetans í Keflavík, dags. 11. nóvember 1967, krafðist Landsbankinn rannsóknar vegna þess, að útgefandi og ábekingar höfðu lýst yfir því, að víxillinn hefði verið falsaður. Við rannsókn, sem fram fór út af kæru þessari, og við meðferð máls þessa hafa víxilskuldararnir Jón Rósmundur Eyjólfsson verkamaður, Framnesvegi 14 í Keflavík, og Örn Kristinsson sjómaður, Kirkjuvegi 37 í Keflavík, 25 ára að aldri, báðir haldið því eindregið fram, að fjárhæð víxilsins hafi ekki verið nema 5.000 kr., er þeir rituðu nöfn sín á víxilinn. Ákærði ber á móti þessu. Hann segir víxilinn hafa frá öndverðu verið að fjárhæð kr. 25.000.00 og hafi svo verið um rætt milli hans og hinna víxilskuldaranna, er tekið hafi á sig víxilskuldbindingar í greiðaskyni við hann. Kveðst ákærði hafa verið í fjárþröng og leitað til Jóns Rósmundar um að vera útgefandi á víxli fyrir hann, en Jón Rósmundur er móðurbróðir ákærða. Hann kveðst einnig hafa leitað til Arnar Kristinssonar, sem verið hafði skipsfélagi hans. Upphaflega hafi ekki verið um það rætt, hversu hár víxillinn ætti að vera. Kveðst ákærði síðan hafa rætt við konu sína um þetta og hafi þeim komið ásamt um, að víxillinn þyrfti að vera 25 þús. kr. Ákærði kveðst síðan hafa útvegað eyðublað og farið með það heim til Jóns Rósmundar. Jón hafi sótt Örn, sem staddur hafi verið í bílskúr utan við hús Jóns. Þá hafi ákærði sagt, að hann vantaði 25 þúsund kr., og hafi bæði Jón Rósmundur og Örn samþykkt það, að sú yrði fjárhæð víxilsins. Hafi víxillinn síðan verið útfylltur og undirritaður. Ákærði kveðst hafa ritað meginmál víxilsins með kúlupenna. Hafi hann ritað samfellt allt, sem á víxlinum stendur. Hann kveðst hafa beðið Jón Rósmund að útfylla víxilinn, en hann hafi færzt undan því. Ákærði telur, að Jón og

Örn hafi notað sama kúlupenna og hann fyllti víxilinn út með, en er þó ekki viss um það.

Jón Rósmundur Eyjólfsson kveður ákærða hafa komið til sín eitt kvöld þeirra erinda að biðja hann að gefa út víxil að fjárhæð kr. 5.000.00. Næsta dag hafi hann svo komið á ný og þá hafi víxillinn verið ritaður. Örn Kristinsson hafi þá einnig verið viðstaddur. Ákærði hafi sjálfur ritað meginmál víxilsins, en Jón kveðst sjálfur hafa lagt til eyðublaðið. Hann kveðst einnig hafa lagt til pennann og hafi þeir allir þrír notað sama pennann. Jón segir, að vera kunni, að hann hafi ritað nafn sitt undir víxilinn, áður en ákærði útfyllti hann, en öruggt sé, að fjárhæð víxilsins hafi ekki verið nema 5.000 kr., er ákærði fór burt með hann.

Jón Rósmundur sagði við rannsókn málsins, að ákærði hefði haft við orð, að hann ætlaði að greiða 5.000 kr. víxil í útibúi Samvinnubankans í Keflavík, en á þessum víxli hafi Jón Rósmundur verið útgefandi.

Er Jón Rósmundur kom fyrir dóm sem vitni við meðferð máls þessa 31. f. m., taldi hann, að ákærði hefði ekki sagt beinlínis, hvað hann ætlaði að gera við peningana, en þegar hann hafi verið að leita eftir því, að hann gæfi út víxilinn, hafi hann talað um, að kona sín væri alltaf lasin og þyrfti á læknishjálp að halda. Í þessu þinghaldi taldi Jón sig ekki muna eftir, að ákærði hefði talað um greiðslu á öðrum víxli.

Vitnið Örn Kristinsson segir, að hann hafi ritað nafn sitt á umræddan víxil á heimili Jóns Rósmundar. Ekki kveðst hann muna, hvort ákærði hafi áður verið búinn að biðja hann um að ábekja víxilinn. Örn segir, að ákærði hafi fyllt úr víxileyðublaðið. Hann taldi fyrst, að þeir þrír hefðu allir notað sama pennann, en eftir að hann hafði séð víxilinn, fullyrti hann þó, að svo væri ekki. Örn kveðst ekki muna, hvort hann ritaði nafn sitt á víxilinn, áður en ákærði fyllti hann út eða á eftir, en fullyrðir, að fjárhæð víxilsins hafi ekki verið nema 5.000 kr., eins og frá honum var gengið þarna á staðnum. Kveður Örn það hafa komið sér algerlega á óvart, er hann var af bankanum krafinn um greiðslu á 25 þús. kr.

Örn segir, að ákærði hafi talið sig þurfa á peningunum að halda til þess að greiða hluta af verði bifreiðar, sem hann hafi ætlað að kaupa fyrir 10 þús. kr. Jón Rósmundur telur sig ekki minnst þess, að minnst væri á bifreiðakaup í þetta skipti. Ber vitnunum að þessu leyti ekki saman.

Því var lýst hér að framan, hvernig fjárhæð víxilsins er til-

greind á honum með bókstöfum. Víxillinn sjálfur ber ekki með sér, hvort fjárhæðinni hefur verið breytt. Þó kynni það að benda til þess, að talan fimm er rituð með upphafsstaf (Fimþúsund ...), og er ekkert því til fyrirstöðu, að bætt hafi verið framan við töluna (Tuttu og ...). Þá er heldur ekkert til fyrirstöðu, að tölunni 2 hafi verið bætt síðar framan við töluna 5.000.00, en ekki er heldur neitt, sem bendir sérstaklega til þess.

Víxillinn hefur verið ritaður með kúlupenna, þar á meðal undirskriftirnar. Ekki verður neitt talið því til fyrirstöðu, að talan (Tuttu og Fimþúsund ...) sé rituð öll með sama penna, þótt fyrri hlutinn (Tuttu og) virðist lítið eitt dekkri áferðar.

Niðurstaða.

Samkvæmt samhljóða framburði tveggja vitna, útgefanda og framseljanda umrædds víxils, hefur fjárhæð víxilsins verið breytt til hækkunar án vilja þeirra og vitundar og ákærði selt banka víxillinn þannig breyttan. Um þetta meginatriði eru vitnin öldungis sammála. Þótt vitnunum beri ekki að öllu leyti saman um það, til hvers ákærði hafi talið sig ætla að verja fénu, þykir það ekki hnekkja vætti þeirra um aðalatriði málsins. Verða vitnisburðirnir þrátt fyrir neitun ákærða taldir sönnun þess, að fjárhæð víxilsins hafi, eftir að útgefandi og ábekingur rituðu nöfn sín á hann, verið breytt úr 5.000 kr. í 25.000 kr., enda mælir víxillinn sjálfur ekki gegn því, og þannig breyttan hafi ákærði notað víxillinn í lögskiptum. Hefur ákærði þannig brotið gegn 155. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki fyrr sætt refsingum nema fyrir umferðarbrott. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Ekki þykja efni til þess að skilorðsbinda refsinguna. Ákærði var í gæzluvarðhaldi 9. til 13. desember 1967 vegna rannsóknar þeirrar, er leiddi til máls þessa. Er samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga rétt, að refsing þessi komi fangelsisvist ákærða til frádráttar.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 7.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Eydór Snæfells Þorsteinsson, sæti fangelsi 4 mánuði. Frá refsingunni dragist gæzluvarðhaldsvist ákærða, 4 dagar.

Ákærði greiði Landsbanka Íslands kr. 25.000.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 23. september 1967 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmans, kr. 7.500.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 9. marz 1970.

Nr. 214/1969. **Hafskip h/f**

(Valgarður Briem hdl.)

gegn

G. Albertssyni

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Flutningssamningur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. maí 1969. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 235.350.80 með 9% ársvöxtum af kr. 153.975.00 frá 18. janúar 1968 til 13. nóvember s. á. og af kr. 235.350.80 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra gagna um viðskiptavenjur skipafélaga. Í bréfi Jökla h/f 25. febrúar 1970 segir svo m. a.: „Við staðfestum bókanir aldrei skriflega, nema þess sé sérstaklega óskað. Við viljum líka